

Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 var haldinn rafrænn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 09/2021

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 26. júlí 2021 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para maltese tókina A við rakkann B án þess að nauðsynlegur hvíldartími væri virtur á milli gota tókarinnar. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 26. júlí .2021 og gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun.

IV.Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í reglugerð um ættbókarskráningu HRFÍ.

Kærða hlýtur alvarlega áminningu fyrir ofangreint brot og er það önnur áminning kærðu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Svanhildur Skúladóttir